

# Nils Folmer Jörgensen

*LJÓS OG SKUGGAR  
Í LÍFI VEIÐIMANNS*





## LJÓS OG SKUGGAR Í LÍFI VEIÐIMANNS

*Þar sem ljósið er skærast er skugginn dýpstur* -Johan Wolfgang von Goethe

### Ragnar Hólm ræðir við Nils Folmer Jörgensen um stórlaxana og illmælgina, heimalandið og heimshornafلاكkið, fólk og stóra fiska.

Stráin liggja nánast flöt og vísa norður Víðidalinn. Nils hvílir á olnboganum og horfir íbygginn yfir Bakkafljót. „Hvað heldurðu að það séu margir laxar hér undir?“ spyr hann og ég get ómögulega svarað því. Það er eins og lægðir haustsins hafi hert á rennsli straumvatnsins til norðurs og trúlega halda laxarnir sig fast við botninn. Það brýtur í báru. „Fjórir?“ spyr ég með semingi og slít upp lúíð strá. Nils brosir.

Hann hefur átt sína bestu og verstu daga á Íslandi. Varla hefur nokkur maður veitt fleiri stórlaxa hérlendis síðasta áratuginn eða svo. Nils Folmer Jörgensen nálgast laxveiðina af mikilli tækni en árangur hans hefur kostað hann öfund og illmælg. Oft hefur sviðið undan rægitungum og það er ótrúlegt hvílíka hugarleikfimi menn leggja á sig til að koma höggi á „helvítis Danann“. Þeir sem hafa verið með honum í veiði, fylgst með honum lesa veiðistaði og leggja flugu fyrir fisk, vita hins vegar að veiðigyðjan hefur margsinnis og hvað ofan í annað blessað Danann.

Ég finn mér skjól við Víðidal-ána einn hráslagalegan sunnudagsmorgun til að forvitnast um hugarfarið og tæknina sem hann býr yfir og hvers vegna hann var að því kominn fyrir nokkrum árum að kveðja Ísland fyrir fullt og allt. Vindurinn næðir um dalinn og finnur sér leið niður um hálsmálið á vöðlujökkunum okkar.

### Fæddur er atvinnumaður í veiði

Segja má að Nils sé veiðin í blóð borin. Hann er atvinnumaður í veiði. Hann ferðast vítt og breitt um heiminn og hefur veitt allar gerðir sportfiska. En upphafið var á æskuslóðum í Danmörku.

„Þar var ég að veiða sem krakki litla urriða í örgrunnum ám og lækjum. Maður þurfti að læðast að þeim, vanda köstin og láta hvergi á sér bera til að styggja þá ekki. Ég held að þar hafi grunnurinn að þeirri tækni sem ég beiti verið lagður. Það þýddi ekkert að slengja bara einhverju einhvern veginn fyrir fiskinn og svona er þetta víða í Skandinavíu. Enda er það svo að yfirleitt þegar góðir veiðimenn frá hinum Norðurlöndunum koma hingað þá veiða þeir vel. Þeir nálgast fiskinn af varfærni og eru flinkir og góðir kastarar.“

Nils Folmer Jörgensen fæddist árið 1974 í Hróarskeldu í Danmörku. Hann lærði grafíska hönnun en hefur hin síðari ár í æ ríkari mæli snúið sér að vöruhönnun, markaðsmálum og vörumerkjapróun. Hann hefur unnið fyrir mörg þekktustu vörumerki heims í stangveiðinni, til dæmis Mustad, Simms, Loop, Sierra, Zpex, Okuma, Savage Gear og hið íslenska Einarsson. Hann hannar stangir, hjól og fatnað, og hefur sex sinnum unnið til alþjóðlegra verðlauna fyrir afurðir sínar. Nils hefur skrifað fjölmargar greinar um laxveiði og gert nokkrar veiðimyndir fyrir Wide Open Outdoor, þ.á m. Catch That Salmon I & II sem hafa fengið afar góða dóma.

Nils kom fyrst til Íslands sumarið 2003 og veiddi þá í Eystri

Rangá, Gljúfurá, Hallá, Laxá í Dölum og Miðfjarðará. Árið eftir naut hann leiðsagnar Dodda (Þórðar Péturssonar) á svæðum Laxárfélagsins í Aðaldal og landaði sínum fyrsta laxi í Nesi árið 2010. Þá var ekki aftur snúið. Nils lítur á Nes sem sitt annað heimili og fólkið þar eins og fjölskyldu sína.

„Haustin eru oft svo falleg en síðustu vikurnar hefur vindurinn ætt um allt og maður er einhvern veginn orðinn andlega tómur. Það fer að frysta með snjókomu. Ætli þetta sé ekki síðasta ferðin mín í sumar? Ég er búinn að landa sex löxum í þessum túr sem er ekki alsæmt miðað við aðstæður. Þetta var ekki gott laxveiðisumar og ég veit að það fóru margir heim úr dýrum laxveiðiferðum með sárt ennið. Samt sem áður skilaði sumarið mér eflaust um 90 löxum og þar af voru tveir yfir 100 sm,“ segir Nils og tekur ofan húfuna til að forða því að hún fjúki til hafs.


Daginn eftir bætti hann við þriðja laxinum yfir 100 sm. Sá var 104 sm hængur sem tók í Bakkafljóti. Og hvað svo? Jú, þetta var ekki síðasta veiðiferðin þetta sumarið því að helgina eftir fór Nils aftur norður í Víðidalá og landaði 100 sm hrygnu úr Harðeyrarstreng. Samtals landaði hann því fjórum löxum yfir 100 sm

sumarið 2020 — jafnvel þótt það hafi verið lélegt í laxveiðisumar á Íslandi. Þar með hafði hann landað 37 löxum sem voru 100 sm eða stærri frá því hann kom fyrst til landsins 2003.

### Vöruhönnun og markaðsfræði

„Ég byrjaði í auglýsingabransanum en fór smám saman út í vöruhönnun með virtum hönnuðum á sviði stangveiða. Við unnum sleitulaust dag sem dimmar nætur við að setja upp bæklinga, teikna nýjar vörur, þróa vörumerki og skipuleggja markaðsherferðir. Ég vann síðan með stærsta dreifingaraðila á veiðivörum í Evrópu og öðlaðist viðtæka reynslu af öllu sem viðkemur hönnun og dreifingu á veiðibúnaði, einnig viðskiptum og stjórnun. Ég hef verið mjög ástríðufullur í nýsköpun á veiðivörum og unnið fyrir mörg stærstu vörumerki heims. Það endar alltaf með því að ég er kominn á kaf í of mörg verkefni í einu og sé varla út úr augunum. Þannig líður mér best.“

Núna er ég stjórnandi í ákveðnum verkefnum á heimsvísu fyrir risastór fyrirtæki og ber ábyrgð á að byggja upp stefnu þeirra. Síðustu 7–8 árin hef ég unnið meira á veturna en flestir aðrir gera, þvælist um



Unnið að hönnun á stöng með sérstöðu. Nýsköpun styrkir vörumerkið og eykur líkur á viðurkenningu í faginu.



Læðst að silfurbokka á grunni við Bahamaeyjar. Öll veiði er sjónveiði.

allan heim og er með skrifstofu í Miami í Bandaríkjunum, Singapúr, Dóminíkanska lýðveldinu og nærri Sjanghæ í Kína. Maður vinnur mikið í gegnum tölvuna og tekur fjarfundi: Kína á morgnana, Evrópa um miðjan daginn og USA á kvöldin. Stundum er hægt að taka þessa fjarfundi af árbakkanum. Ég hef smám saman þurft að læra að vera góður stjórnandi og kaupsýslumaður en ég lifi fyrst og fremst fyrir hönnunina. Ég vil vera frumlegur í öllu sem ég geri því að það veitir enga ánægju að stæla það sem aðrir hafa gert, fyrir utan að það er ólöglegt. Ég hef unun af því að búa til sögur í kringum vöruna, auglýsa og markaðssetja.“

#### Fiskar á ferðalögum

Nils ver miklum tíma utanlands frá hausti og fram á vor. Það má líkja lífstílnum við líf rokkstjörnurnar. Þá býr hann mest á hótélum, flýgur þvers og kruss yfir heimshöfin, fylgir eftir markaðsherferðum og hugar að nýjum vörulínum. Þá býr hann í ferðatösku, eins og sagt er. Á meðan silungar og laxar hvílast eftir hrygningu undir íslenskum klakabrynjum er Nils flesta daga á flakki um heiminn og notar þær stundir sem gefast á milli stríða til að veiða öðruvísi fiska.

„Fyrir mér er það mikil blessun að geta notið þessa lífsstíls. Á sumrin vil ég helst bara vera heima á Íslandi en yfir vetrartímann vinn ég eins og þræll vítt og breitt um heiminn en tek mér frí inn á milli til þess að veiða.“

Tarpún veiddi ég fyrst fyrir um 20 árum. Bestu staðirnir eru í Yukatan en líka nærri Miami þar sem ég er með skrifstofu og ég hef verið svo lánsamur að fá að veiða með bestu skipstjórunum. Það er miklu flóknara að elta og finna fisk í saltvatni en lax í árvatni. Bestu grunninn fyrir veiðar á silfurbokka (e. bonefish) eru við Bahamaeyjar. Það eru líka fín mið við Yukatan en smærri fiskar. Í Bisque-flóanum við Miami, skammt frá skrifstofunni minni, eru stærstu silfurbokkar heims, allt að 16 punda, en í Yukatan eru þeir yfirleitt í kringum 5 pundin. Silfurbokkinn er kraftmesti sportfiskurinn miðað við stærð. Venjulega tekur hann tvo langa og rosalega spretti með línuna en gefst síðan fljótlega upp.

Það er sturlað að veiða stóran túnfisk á stöng en merlingarnir (e. marlin) eru jafnvel enn svakalegri. Bestu miðin sem ég þekki á dýpri sjó eru á afviknum stað við Kosta Ríka en það er mjög erfitt og dýrt að komast þangað. Margir veiða

merlinga á beitu en það er lítið spennandi. Þegar þeir eru veiddir á flugu lætur skipstjórinn tálbeitu án króks skoppa á yfirborðinu sem æsir þá upp og þeir koma óðir upp í vatnsskorpuna. Þá veit maður hvar þeir eru og kastar flugunni. Þeir negla hana af fítonskrafti og rífa línuna út af því líkum ofsa að maður horfir bjargarlaus á og hlær bara eins og bjáni. Baráttan er eiginlega fyrirfram töpuð. Það leikur allt á reiðiskjálfi og maður þarf traustar græjur til að eiga roð í þá. Oftast rífur merlingurinn sig lausan án þess að blikka auga. Síðasta vor fékk ég líka 130 punda tarpún á þessum slóðum. Ég var búinn að biða eftir tókunni í tvo daga og það tók um 40 mínútur að ná honum í bátinn. Það var sætur sigur og eins konar hefnd fyrir að hafa þurft að biða svo lengi.“

#### Heim til Íslands

Nils er eins og farfuglarnir. Hann leggst í ferðalög þegar norðanáttin sækir í sig veðrið og skammdegið lætur á sér kræla. Hann kemur aftur með sunnanvindinum og hækkandi sól. Á ferðalögum hverfur Ísland þó aldrei úr huga hans og fljótlega í byrjun nýs árs smýgur það inn í drauma hans með angan af sumri og ómi af kraftmiklum sporðaköstum.

„Heimili mitt er á Íslandi en ég ferðast mikið vegna vinnunnar og reyni að ná 4-5 veiðiferðum í saltvatn erlendis á hverjum vetri. Síðustu árin, sérstaklega eftir ferðir til Kína eða Bandaríkjanna, þá fyllist ég alltaf gleði og heimþrá þegar ég sé vélarnar frá Ícelandair á flugvöllum erlendis. Á ferðalögum hlakka ég alltaf til að koma aftur heim til Íslands, ekki Danmerkur.“

Ég er hættur að veiða í apríl á Íslandi en skil vel þá sem eru að deyta úr óþreyju og geta ekki beðið eftir að komast út að kasta fyrir fisk. Sjálfur er ég þá búinn að veiða annars staðar í saltvatni yfir veturinn og halda mér heitum fyrir nýtt íslenskt sumar. Mér finnst þó notalegt að fara snemma vors með vinum mínum Valla og Óla í Húseyjarkvísl en það er svo sem enginn veiðiskapur. Við sitjum yfir kaffibollunum langt fram eftir morgni og segjum „jamm og jæja“ og förum svo kanski út að æfa köstin um hádegisbil. Það er fyrst og fremst bara afslöppuð og notaleg samvera.

Árin 2003–2008 veiddi ég dálítið í Laxá í Mývatnssveit og Svartá í Bárðardal og hafði ánægju af því að leggja þurrflugur fyrir urriðana þar. Þetta eru gríðarlega fallegar ár og þarna vildi ég eingöngu nota þurrflugur. Maður setti undir stærri þurrflugur sem æstu urriðann upp í töku ef hann leit ekki við venjulegum þurrflugum. Svartá er mjög falleg upp undir Svartáarkoti og frábært að veiða þar. Ég kunni eiginlega betur við Svartá en Laxá í Mývatnssveit þótt báðar séu þær fyrsta flokks.

Ég hef líka veitt í Minnivallalæk og það er heilmikil áskorun, mjög viðkvæmt vatn og þarf að læðast að stygjum urriðanum til að fá töku. Það er margt svo yndislegt við Ísland, hrátt og óspillt. Ísland er heimalandið mitt.“

#### Þingvallavatn í sérflokki

Þingvallavatn er sérkapítuli í lífi Nils Folmers. Hann byrjaði að veiða þar fyrir um 15 árum og var við þetta frá því í apríl og fram í júní. Hann sá síðan um leiðsögn og umstang í kringum veiðina í Þorsteinsvík og Ölfusvatnsvík fyrsta árið sem ION-hótelid hafði svæðin á leigu fyrir bráðum áratug. Nils segir að hátt í 90% af þeim ísaldarurriða sem veiðist í Þingvallavatni komi af ION-svæðunum.

„Núna veiði ég þarna í sex daga þriðju vikuna í maí og það er stórkostlegt. Yfirleitt er þetta besta vikan í urriðaveiðinni og ég fæ til mín vini frá Skotlandi og Bandaríkjunum til að upplifa þetta með mér. Helst vil ég ná urriðunum á þurrflugur eða púpur en stundum verður maður að nota straumflugur ef það er brjáláð veður. Þá nota ég mest fluguna mína Olive Ghost sem er orðin mjög vinsæl í urriða á Þingvöllum og víðar á Íslandi.“

Þetta er svo einstakt. Stór, villtur og sterkur fiskur í þessu magni. Þetta er í rauninni geggjun. Ég hef veitt

### ÁLFTANESLAUG

Eina öldulaug landsins og stærsta vatnsrennibrautin 10 m há og 80 m löng. Útilaugin er 25 m, innanhúslaug, heitir pottar, buslulaug, gufuböð og líkamsrækt. Góð aðstaða fyrir fatlaða.

**Afgreiðslutími:**

Mánud - föstud kl. 06:30 – 21:00  
Laugard og sunnud kl. 10:00 – 18:00

**Breiðumýri, Álftanes,**  
Sími: 550 2350

GARDABÆR  
gardabaer.is



Öruggt útspil, eins og Nils segir. Flugan hans Autumn Hooker.

urriða um allan heim en þessir slá öllum við. Mér finnst alltaf skemmtilegra að veiða í ám og vildi óska að Þingvallavatn væri straumvatn en sú óska er auðvitað út í hött. Og urriðinn þarna er svo feitur. Hann fer í kalda vatnið til að éta og kemur aftur í heitara vatn til að melta. Ég held að þeir taki bara þurrfluguna af forvitni. Sumir þeirra hósta upp murtu þegar við náum þeim á þurrfluguna. Þeir fara í kalda vatnið, ísskápinn, til að fá sér murtu.“

#### Að smala murtu

„Urriðinn er gríðarlega fallegur en ofsalega grimmur. Vinir mínir frá Bandaríkjunum og Skotlandi eru forviða á því hvað hann er hrikalega grimmur. Einu sinni sáum við torfu af urriða á grunnu vatni, örugglega um 100 fiska, en þeir litu ekki við neinu. Loks náði ég þó einum á agnarsmáa flugu og hann hóstaði upp úr sér murtu. Ég batt hana við línuna mína án þess að hafa öngul og kastaði á torfuna. Það varð allt vitlaust. Þessar skepnur réðust að murtunni eins og krókódílar í lítilli laug. Þeir börðust um bitann og félagar mínir sem urðu vitni að þessu urðu alveg agndofa. Þessir fallegu fiskar breyttust á augabragði í klikkaða krókódíla.



Lilla Rowcliffe og Nils eru nánir vinir. Hér er Lilla að velja flugur við veiðihúsið Árnes í Nesi.

Ég hef þá kenningu að ísaldarurriðar í Þingvallavatni veiði eins og háhyrningar gera. Þeir fari saman í litlum hópum og smali murtunni í torfur sem þeir éta síðan. Ég hef séð mikinn hamagang í yfirborðinu úti á vatni sem gæti gefið til kynna að þar séu urriðarnir að reka murtuna upp að yfirborðinu þar sem þeir síðan slátra henni í stórum stíl.

Urriðinn í Þingvallavatni stækkar ógnarhratt, stundum um meira en 10 sm á ári. Við Jóhannes Sturlaugsson höfum merkt fleiri en 500 fiska á ION-svæðunum og hann fylgist vel með vexti þeirra og viðgangi. Þessi hraði vöxtur er einstakur en fiskar yfir 100 sm eru afar sjaldgæfir. Margir halda að þeir séu að fara að veiða slíka fiska þegar þeir kasta fyrir urriða á Þingvöllum en ég veit aðeins um þrjá fiska sem staðfest er að hafi verið yfir 100 sm öll þau ár sem ég hef veitt þarna. Fólk má því ekki gera sér of miklar vonir og í raun eru hverfandi líkur á að það landi 90-100 sm fiskum. Þeir eru margir um eða yfir 75 sm en þessir stærstu eru mjög vandfundnir. Öll þau ár og alla þá daga sem ég hef veitt á Þingvöllum hef ég aðeins einu sinni fengið fisk sem var yfir 100 sm og það munaði ekki miklu. Hann var 101 sm en reyndar 64 sm í ummál!

Gera má ráð fyrir að hann hafi vegið 16-18 kg og þar með verið stærsti urriði sem fengist hefur á stöng í vatninu á síðari tímum.“

#### Gárað jökulvatn

Nils byrjar laxveiðisumarið gjarnan í Blöndu og segir að þar sé gott að hita sig upp.

„Það er yfirleitt mikið af laxi í Blöndu og þetta er því oft frekar auðveld veiði. Til að byrja með fannst mér hún eiginlega of auðveld, var farinn að landa allt að 20 fiskum á dag, og ákvað því að prófa gárubragðið (e. hitch) í jökulvatninu til að fækka tökunum en þá fyrst varð allt brjáláð og ég fékk ennþá meira en áður. Sagt var að maður gæti bara veitt á maðk í Damminum en ég veiddi ljómandi vel þar með gárubragðinu. Sumir segja að maður eigi bara að nota gárubragðið þegar það sé hlýtt í veðri en ég er ósammála því. Laxinn sér allt og ræðst á agnið ef það fer yfir legustað hans á réttum og jöfnum hraða. Ég hef oft brugðið á það ráð að nota gárubragðið þegar fiskurinn lítur ekki við neinu öðru og með góðum árangri, jafnvel í Aðaldalnum.

Ég hef veitt um allt Ísland og smám saman lært betur á árnar. Núna

# patagonia® í veiðina



er ég með sömu dagana bókaða ár eftir ár í Víðidalssá, Vatnsdalsá og Nesi í Aðaldal. Mér finnst líka gaman að veiða í Hofsa og Hafalónsa. Það er krefjandi laxveiði í hröðu rennsli. Ég veiði tólf daga í Nesi, níu daga í Víðidalssá og sex í Vatnsdalsá og svo bætist alltaf eitthvað við.

### Hin fjölskyldan í Nesi

Það leynir sér ekki að Nils þykir vænt um umhverfið og fólkið í Nesi við Laxá í Aðaldal.

„Í Nesi er hin fjölskyldan mín og þá sjaldan ég leiðsegi nú orðið þá er það í Nesi. Þarna býr elskulegt fólk og veiðimennirnir tengjast heimaþólkunum nánum vinaböndum. Maður verður eins og hluti af fjölskyldunni. Í Nesi komast menn sjaldnast upp með eitthvert bull og fólk gerir það sem gera þarf með bros á vör. Maður fyllist af jákvæðri orku. Jafnvel þótt veiðin í Laxá hafi ekki verið upp á marga fiska síðustu árin þá tekur fólk því með bros á vör. Ég verð hamingjusamur þegar ég er með fólkinu í Nesi. Þar vinna allir saman í einhug og enginn kemst upp með baktal eða neikvæðni.

Nes er ákaflega sérstakur staður sem ég tengist sterkum böndum. Laxá hefur smám saman orðið eins konar vinur minn og ég þekki hana orðið mjög vel. Fyrst fékk ég leiðsögumenn til að kenna mér á hana en síðan hef ég lært meira og meira sjálfur. Flinkir veiðimenn geta veitt vel í Laxá en óvanir gera sér oft of miklar vonir og fara heldur framlágir heim. Fólk verður að vera raunsætt. Við sem vitum hvar fiskurinn liggur, getum e.t.v. fengið að meðaltali 2–3 fiska á dag en stundum gerist ekkert. Þarna er maður alltaf að eltast við fiska sem eru 100–110 sm og veit innra með sér að Laxá geymir fiska sem eru 20–30 pund. Þú mátt vera þakklátur ef þú nærð slíkum fiski einu sinni á ævinni. Það þarf ekki meira. Ég hef fengið fjóra laxa í Nesi sem voru um eða yfir 110 sm. Sá stærsti var 112 sm og vóg án efa um 30 pund. Þetta er einstakt og maður á að vera þakklátur. Hvar annars



Nils með hönnunarverðlaun á Efttex-sýningunni. Þolinmæði þrautir vinnur allar í hönnun jafnt sem laxveiði.



Söguleg veiði í Víðidalssá. Nils með 111 sm hrygnu sem tók skömmu eftir að hann hafði sleppt 106 sm hæng. Báðir féllu laxarnir fyrir flugunni Radian Fly sem Nils hannaði.



Hugsanlega stærsti urriðinn sem veiðst hefur á Þingvöllum á síðari tímum. Viðmiðunartöflur segja að hann hafi verið 16–16,8 kg. Fluguveiddur á ION-svæðinu sumarið 2015.

# ELDA. BORÐA. ÞRÍFA.

## NÝTT COMPLEAT™

Í útiveru er mikilvægasta máltíðin, sú sem þú ert að fara að borða. CompleAT eldunarhöldin frá Gerber aðstoða þig við matargerðina og neyslu matarins. Saman í frábæru setti er gaffall, skeið, spaði og fjölnotáhalð, sem smella saman á einfaldan og nettan hátt. Með áhöldunum er líka hægt að útbúa grilltöng á einfaldan máta. Eldaðu, borðaðu, þrífðu og haltu svo áfram að njóta útiverunnar.



UNSTOPPABLE  GERBER®

staðar gæti maður upplifað þetta? Flotlína og litlar flugur, þykkir laxar sem elta fluguna upp á grunnið en slá síðan sporðinum í vatnið með kærri kveðju. Þetta er einstakt.“

#### Tvö met á sömu vaktinni

Nils hefur veitt í flestum laxveiðiám Íslands. Nesveiðarnar í Laxá í Aðaldal eru eins konar heimavöllur hjá honum en Víðidalur stendur líka hjarta hans nærri. Þar hefur hann lent í miklum ævintýrum og lýkur gjarnan veiðisumrinu þar.

„Ég á bágð með að slíta mig frá Víðidalnum á haustin. Þar hef ég upplifað mikil ævintýri og það er lengi von á einum eins og dæmin sanna. Þarna er ég oft alveg fram á síðasta dag tímabilsins og þá gefa stórlaxarnir oft færi á sér.“

Sumarið 2017 hafði risafiskur gert vart við sig í Dalsárósnunum og Jóhann Hafnfjörð staðarhaldari vildi siga mér á hann, sagði að ég hefði orð á mér fyrir að krækja gjarnan í þá stóru. Ég tók þessari áskorun, fór niður í Dalsárós, landaði fljótlega 86 sm hrygnu og missti annan stærri. Á blettinum þar sem sagt var að sá stóri héldi sig setti ég loks í vænan fisk sem teymdi mig niður eftir ánni. Loks náði ég honum að landi og mældi hann. Þetta reyndist vera gullfallegur 106 sm hængur, ekta Víðidalurárfiskur. Ég var í skýjunum og sagði Jóa að ég hefði gert það sem um var beðið en að fiskurinn hefði ekki verið 110 sm, heldur bara 106.



Nils á slóðum stórfiska, en ein af hans veiðiástríðu er að veiða í sjó. Hann þá gjarnan að eltast við stórfiska líkt og merlinga, silfubokka og túnfiska svo einhverjar tegundir séu nefndar.

FRAMLEITT



Á ÍSLANDI

# Flóridana

## LIFÐU VEL

## Njóttu kyrrðarinnar í náttúrunni !

**HAUSKEN**  
LYDDEMPER

Norsku  
hljóðdeyfarnir  
frá Hausken  
fást hjá okkur



www.hlad.is  
Hlad ehf. • Bíldshöfða 12 • Sími 567 5333  
og Haukamýri 4 • 640 Húsavík



Af þessu var mikið hlegið og þetta var stærsti lax sumarsins enn sem komið var.

Úr Dalsárósnunum fór ég upp í Harðeyrarstreng sem ég hef á miklar mætur. Þar setti ég strax í boltafisk sem dró mig með sér langt niður eftir ánni. Eftir um það bil 45 mínútur náði ég honum í háfinn og hann leit út fyrir að vera býsna stór. En þetta var hrygna og þær virðast einhvern veginn stundum vera minni en þær raunverulega eru. Jói Hafnfjörð var þarna með mér og mældi fiskinn. Hann var 111 sm sem er ótrúlegt. Jói mældi fiskinn þrisvar til að vera alveg viss og allir vita að Jói er strangheiðarlegur maður. Hrygnan var sannarlega 111 sm. Þarna hafði ég landað tveimur stærstu fiskum sumarsins 2017 í Víðidalsá og það á sömu morgunvaktinni.“

### Öfund og illmælgj

„Skugginn er dýpstur þar sem ljósið skín skærast,“ er haft eftir þýska skáldinu Goethe. Ljós Nils Folmers hefur skinið skært í íslenskri laxveiði á síðustu árum en velgengnin hefur sínar skuggahliðar því að hann hefur orðið fyrir ótrúlegri illmælgj og öfund. Fyrstu sumrin á Íslandi vissi enginn hver hann var en smám saman fór nafnið Nils Folmer Jörgensen að skjóta upp kollinum oft og oft við skráningu á löxum um eða yfir 100 sm og það virðist hafa farið verulega í taugarnar á ónafngreindum veiðimönnum.

„Fyrst var mér hampað sem mjög flinkum veiðimanni en síðan fóru menn að agnúast út í mig. Það er ákveðinn hópur manna hreinlega með það á heilanum að spinna ljótar lygasögur um mig og reyna að dreifa óhróðri sem engin fótur er fyrir. Þetta er hrein og klár öfund af því að ég veiði oft og tíðum býsna vel og veit hvar stórlaxana er að finna og hvernig er best að nálgast þá.

Menn hafa búið til margar ljótar sögur en ein sú alversta sem ég hef þurft að þola var spunnin upp



„Tak for kampen,“ eins og Nils segir.



Nýgenginn 101 cm stórlax sem Nils veiddi í efri gljúfrum Víðidalsár á fluguna Autumn hooker. Þessi löndun kallaði á smá sundsprett!

eftir að ég landaði 27 löxum á þremur dögum í Nesi í september 2016. Sex þeirra voru yfir 100 sm og sá stærsti 108. Túrinn bar upp á afmælið mitt sem er 3. september og þann daginn landaði ég 10 löxum af þessum 27 og fjórir þeirra voru yfir 100 sm. Ég var í skýjunum, myndaði alla stórlaxana og birti myndir á samfélagsmiðlum eins og gengur og gerist. Þá var hringt í vini mína og spurt hvað þessi „helvítis Dani“ væri eiginlega að gera. Hann keyrði um alla á, skipti um fót og tæki myndir af sér með sama 100 sm fiskinn við ólíka veiðistaði. Þetta væri allt sett

á svið. Mér sárnaði þetta mjög og skil ekki hvernig fólk getur lagt sig niður við að búa til svona sögur. Þessi fantagóða veiði hefði átt að veita mér mikla hamingju en ég var niðurbrotinn maður. Ég veit hverjir spunnu þessar sögur en þeir þykjast ekki kannast við neitt. Í kjölfarið á þessu hef ég stundum verið tregur við að birta myndir af mér með stórlaxa á samfélagsmiðlum og birti ekki allt. Það er samt gott við samfélagsmiðlana að maður getur útilokað hælbitana þannig að þeir sjái ekki fiskana sem maður veiðir og hafi því ekki ástæðu til að niða af mér vöðluskóinn.



Í Nesi, Laxá í Aðaldal, hafa nokkrir stórlaxarnir tekið fluguna hjá Nils. Hér er hann með einn rísa eða 111 cm lax.

Núna í sumar fór ég til dæmis upp í gljúfrin í Víðidalsá í júlí og átti þar töfrastund. Nýgenginn 25 punda lax tók fluguna mína og ég þurfti að synda á eftir honum. Það var dásamleg upplifun þegar ég sleppti honum aftur en síðan fór um mig kuldahrollur, depurð og kvíði. Ég hafði veitt stærsta lax tímabilsins en vildi ekki að segja frá því til að forðast rægtitungurnar. Það gerðist reyndar tvisvar þetta sumarið í Víðidalsá að ég forðaðist það í lengstu lög að segja frá löxum vel yfir 100 sm sem ég hafði landað af ótta við illt umtal.“

### Hættur að veiða á Íslandi

„Sumarið 2018 fékk ég 111 sm lax í Vitaðsgjafa á Nesveiðum og það var stærsti fiskur sumarsins.

Þeir voru þrír sem hjálpuðu mér að landa fiskinum og mæla hann, þ.á m. voru Eiður Pétursson og sonur hans. Þetta var mikil gleðistund hjá okkur fjórum og það náðist á myndband þegar ég síðan sleppti þessum 111 sm laxi. Við settum það á Facebook. Skömmu síðar fékk vinur minn símtal frá illkvittnum kjána sem sagði að Daninn væri enn við sama heygardshornið, fiskurinn hefði farið í klak og hann væri 101 sm! Hið furðulega gerðist að þessi saga komst á flug jafnvel þótt myndbandið sýndi það skýrt og greinilega þegar þessi glæsilegi fiskur synti aftur frjáls út í Vitaðsgjafann. Hann fór auðvitað aldrei í klak því að við slepptum honum og vorum fjórir vitni að mælingunni á honum.

Stundum hefur jaðrað við að veiðin sé farin að valda mér meiri sársauka en gleði. Það hefur verið hraunað þannig yfir mig eftir góða veiði að ég hef hreinlega ætlað að hætta að veiða á Íslandi. En vinir mínir stappa alltaf í mig stálinu. Auðvitað hefur þetta eitthvað með það að gera að ég er útlendingur. Sumir þola það einfaldlega ekki að einhver „helvítis Dani“ veiði betur en þeir. Þeir reyna allt til að rústa mannorð mitt. Ég gæti haft 100 vitni en samt myndu þeir kalla mig lygara.

Þegar öllu er á botninn hvolft ætla ég auðvitað ekki að leyfa hælbitunum að spilla ánægju minni af því að veiða stórlaxa og njóta þess með vinum sem deila þessari ástríðu með mér. Ég held samt að fólk ætti aðeins að staldra við og hugsa um þau eitruðu áhrif sem baknag og öfund geta haft á bæði einstaklinga og samfélagið allt. Í heilbrigðu samfélagi kunna menn að samgleðjast og fagna góðum árangri annarra. Öfundin er eitru.“

Nils verður leiður og dapur á svipinn þegar hann rifjar upp sögur af hælbitunum. Það fer ekki á milli mála að þessi illmælgj og öfund hefur reynst honum þungbær.

### Íhugull og tæknilegur

Ég breyti um umræðuefni og spyr hvort hann dregi aldrei laxa. Jú, hann gerir það stöku sinnum en ekki þegar svo lítið er af laxi í ánum eins og raun var í sumar. Honum finnst sjöbleikjan vera besti matfiskurinn en hann lítur ekki á sig sem silungsveiðimann. „En þegar það er mikið af bleikju eins og var í sumar í Víðidalsá þá tek ég kannski 2–4 til matar yfir sumarið og e.t.v. 2 laxa en ekki þegar það er lítið af laxi. Þá dreg ég engan lax.“

Nú langar mig að koma beint að kjarna málsins og því sem vekur mesta forvitni mína og spyr Nils hvers vegna hann sé svona flinkur veiðimaður. Hvers vegna fær hann alltaf flestu og stærstu fiskana?

„Ég hef oft verið spurður út í þetta en hef svo sem ekki mikið leitt

hugann að þessu. Ég held samt að ég sé kannski tæknilegri veiðimaður en margur annar, ef svo má að orði komast. Ég hugsa áður en ég veiði. Þegar ég kem að veiðistað þá stúdera ég hann gaumgæfilega áður en ég byrja að kasta. Ég passa mig á að vera þar sem fiskurinn getur ekki séð mig. Ef maður fælir lax þá er yfirleitt nánast ógjörningur að fá hann til að taka fluguna.

Ég byrja á því að leggja niður fyrir mér hvernig ég komist að fiskinum án þess að hann sjái mig, hvernig ég ná að láta fluguna berast rétt fyrir hann án þess að hann verði nokkurs var. Það er svo margt sem hafa þarf í huga. Þetta byggist allt á tækni. Þetta er ekki eins og að hlaupa á eftir bráð og skjóta hana. Dádyr eða hreindýr stökkva ekki að gamni sínu í veg fyrir byssukúluna en laxinn þarf að taka fluguna sjálfviljugur, jafnvel að gamni sínu, og án þess að hann gruni að hér séu brögð í tafli.

Í stórrí á eins og Laxá í Aðaldal veiðum við með tvíhendum og skiptir oftast ekki jafnmiklu máli þótt maður sletti dálítið með línunni. En það má alls ekki gera í minni ám eins og Miðfjarðará eða Fitjaá. Lemji maður vatnið og sletti með línunum í viðkvæmum ám er alveg hægt að gleyma því að fá eitthvað. Nú orðið kemur fólk í Aðaldalinn með línur sem eru ætlaðar til að veiða stálhaua



Þeir eru ekki allir 100 sm! Þessi gullfallegi fiskur var veiðimanninum mikil blessun.

í jökulvatni. Þær eru mjög frampungar og sletta mikið. Það skiptir kannski ekki miklu máli í stórum jökulám erlendis en á Íslandi er þetta öðruvísi og meira að segja í Aðaldalnum heyrir fiskurinn þegar línin slær vatnið.

Það er líka mikilvægt að vaða hægt og varlega, búa ekki til óþarfa hávaða. Auðvitað fá menn fisk stöku sinni þótt þeir séu með bægslagang og læti en líkurnar á töku aukast stórkostlega ef þú gætir þess að styggja ekki hylinn og ferð að þessu á tæknilegan máta.

Ég hef séð fólk koma að hyl sem er fullur af fiski, sletta þungum línunum, styggja allt og fá ekkert.

Klukkutíma síðar er stundum hægt að veiða þennan sama fisk með léttari línunum og minni flugum en í Víðidalnum getur það tekið tvo daga fyrir hylinn að jafna sig eftir slíkar aðfarir. Of stórar flugur geta líka gert laxinn skelkaðan við vissar aðstæður. Ég hef kastað stórrí flugu fyrir lax í einum af efri hyljum Víðidalssár, kastið var gott og flugan barst rétt fyrir fiskinn en þegar hann sá hlussufluguna þá fór hann í kerfi og sást ekki meira þann dag. Það getur því verið erfitt að veiða þessa staði þegar búíð er að berja þá sundur og saman með stórum túpum. Þetta er auðveldara í Aðaldalnum, Laxá fyrirgefur meira. Fiskurinn forðar sér og maður sér bara sporðblöðkur á löxum í felum

en 10–15 mínútum síðar koma þeir aftur á sama stað þótt þeir detti e.t.v. ekki strax í tökustuð.

Þetta snýst fyrst og fremst um tækni, að vera íhugull og hugsa vel um það hvað maður er að gera, byrja ekki bara að djöflast í einhverjum æsingi.“

### Notalegt jamm og jæja

Við höfum legið í skjóli við Bakkaflijótið í Víðidalnum í bráðum klukkustund. Ég furða mig á því hversu rólegur Nils er og viljugur að spjalla í stað þess að veiða. Kannski er hann búinn að fá nóg? Haustlægdírnar hafa blásið hraustlega og nætt í gegnum hugann, gert hann andlega tóman, eins og hann orðar það sjálfur. Nei, það er ekki komið nóg. Hann á enn eftir að landa tveimur löxum yfir 100 sm í Víðidalnum eins og ég sagði frá hér að framan.

Litli diktafónninn minn er að verða straumlaus og ég slekk á upptökunni. Velti fyrir mér hvort það heyrir eitthvað í viðmælanda mínum fyrir vindinum sem nauðar og hvín í öllu. Það verður spennandi að kanna hvort spjallið sé inni á litla tölvukubbum.

„Vegna kórónuveirunnar og ástandsins í heiminum verð ég líklega mikið heima á Íslandi í vetur. Ég mun þó reyna að ná einhverjum veiðitúrum í saltvatnið erlendis en tilhugsunin um að eiga notalegar stundir með góðum vinum í skammdeginu hér heima, taka fjarfundi og vinna í gegnum tölvuna, hugnast mér vel. Ég lít á mig sem Íslending og kann vel við þetta „jamm og jæja“.

Ég vil bara veiða og vera úti í þessari einstöku náttúru sem fyllir mig af orku og hrifur mig svo gjörsamlega. Þetta býðst hvergi annars staðar. Þögnin er stundum ærandi, eðlishvötin kviknar, árniðurinn er eins og fegursta tónlist og kannski kemst ég í tæri við gimsteinana sem áin geymir. Til þess er jú leikurinn gerður. Ljósflíandi minningar um gullvæg augnablik í góðum veiðiferðum munu lifa í hjarta mínu til hinsta dags.

Þetta reddast,“ segir Nils að lokum á lýtalausri íslensku, rís á fætur og röltir með stöngina sína niður að ánni.



Marga dreymir um að veiða roosterfish einu sinni á ævinni. Hér er einn fallegur frá Kosta Ríka.



Það er ekki á margra vitorði að ein bestu seglfiskamið heims eru í Malasíu. Þangað er ekki langt að fara þegar Nils er í vinnuferðum í Singapúr.



Silfurkóngur, öðru nafni tarpún. Menn verða gjörsamlega sjúkir í að veiða þennan fisk og Nils viðurkennir fúslega þann veikleika sinn.

LJÓMINN Á SKILID  
ÞAÐ LOF SEM HANN FÆR